

Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar

Skilmáli nr. A-1

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. kafli. Bótasvið og almennir skilmálar

1. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Váttryggingartaki er váttryggður.

2. gr. Ábyrgð í atvinnurekstri

Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á váttryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum, vegna starfsemi þeirrar, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Einnig er váttryggt gegn skaðabótaábyrgð, er fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar, sem notuð er við greinda starfsemi, enda sé hún tilgreind á skírteini eða iðgjaldskvittun.

3. gr. Skaðsemisábyrgð

Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á váttryggðan vegna slyss á mönnum eða skemmda á munum af völdum hættulegra eiginleika vöru sem váttryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi. Um þess konar ábyrgð gilda sérstakir skilmálar sem prentaðir eru á eftir 24. gr. Tjón sem verður erlendis, er ekki bætt, nema um það sé samið sérstaklega og viðbótariðgjald greitt.

4. gr. Samningar um bætur og bótafjárhæð

Váttryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá váttryggðum um að hann beri viðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning, sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

5. gr. Almennar undantekningar vegna skemmda á munum

Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna, sem:

5.1 váttryggður á einn eða með öðrum;

5.2 váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munir, sem váttryggður hefur tekið í heimildarleysi;

5.3 váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

6. gr. Aðrar almennar undantekningar

Váttryggingin tekur ekki til:

6.1 Tjóns sem hlýst af því, að söluvara berst viðtakanda ekki, eða ekki í tæka tíð, eða greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma.

6.2 Tjóns sem starfsábyrgðartrygging tekur til hvort sem hún er fyrir hendi eða ekki.

6.3 Tjóns sem hlýst af eldsvoða, kjarnorku eða geislavirkum efnum.

6.4 Tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. sýkla og veira.

6.5 Tjóns sem beint eða óbeint stafar af efninu asbest (asbestos) eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.

6.6 Tjóns sem beint eða óbeint, að öllu leyti eða hluta, stafar af hvers kyns áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða sambands þessa hvoru tveggja.

6.7 Tjóns sem beint eða óbeint, að öllu leyti eða hluta, stafar af umsjón eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða sambands þess hvoru tveggja.

6.8 Tjóns sem tekur til loftfars eða er afleiðing notkunar þess, á rót sína að rekja til áfyllingar flugeldsneytis eða verður til vegna reksturs flugvallar.

7. gr. Undanskildar áhættur, sem váttryggja má sérstaklega gegn greiðslu viðbótariðgjalds

Félagið greiðir ekki:

7.1 Skaðabótakröfu, sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annarra farartækja.

7.2 Skaðabótakröfu vegna tjóns, sem hlýst við byggingarframkvæmdir á fasteign, sem váttryggður á eða notar.

7.3 Skaðabótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af því að váttryggður vinnur við sprengingar, uppgröft, jarðboranir, aðrar framkvæmdir í jörðu, svo sem að reka niður eða taka upp staura, stálþil o.þ.h., niðurrif mannvirkja, uppfyllingu eða aðrar breytingar á landi, breytingar á grunnvatni, rennsli vatns eða aðrar framkvæmdir varðandi grunnvatn, stöðuvatn eða straumvatn.

7.4 Skaðabótakröfu, sem stofnast vegna hættulegra eiginleika söluvöru, sjá þó 3. gr.

7.5 Skaðabótakröfu sem leiðir af skráningarskyldum vinnuvélum og notkun þeirra, nema þeirra sé getið á skírteini eða iðgjaldskvittun.

8. gr. Mengunartjón

Váttryggingin tekur ekki til tjóns, sem rakið verður til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks tjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar og því verði ekki um kennt, að váttryggður hafi með ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið hjá líða að fara eftir opinberum fyrirmælum, sem gilda á hverjum tíma.

9. gr. Laun í slysaforföllum og bætur frá slysatryggingum

Ábyrgðartrygging þessi er bundin því skilyrði, að váttryggingartaki kaupi atvinnuslysatryggingu í samræmi við kjarasamninga og lög. Bætur, sem greiða ber af umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, koma að fullu til frádráttar ábyrgðartryggingarbótum. Sama á við um fjárhæðir, sem greiða hefði átt úr umsaminni eða lögboðinni

atvinnuslysáttryggingu, sem atvinnurekandi hefur vanrækt að kaupa eða halda í gildi. Laun, sem váttryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningi að greiða manni, er verður fyrir slysi eða veikist, koma að fullu til frádráttar bótum vegna ábyrgðartryggingar þessarar. Félagið greiðir ekki endurkröfu frá almannatryggingum.

10. gr. Upphaf váttryggingarinnar – iðgjaldsgreiðslur- uppsögn

- 10.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjaldþögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.
- 10.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörðun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Váttryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttrygging var í gildi.
- 10.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 10.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 10.5 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp af hálfu váttryggingartaka innan mánaðar frá því félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp váttryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings váttryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. gr. og 75 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma. Þegar váttryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar.
- 10.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

11. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

- 11.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömu leiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 11.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. gr. Ásetningur

Ef váttryggingaratburðurinn verður rakinn til ásetnings váttryggðs ber félagið ekki bótaábyrgð sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

13. gr. Sektir

Félagið greiðir ekki bætur vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.

14. gr. Landfræðileg mörk váttryggingarinnar

Váttryggingin tekur aðeins til tjóns, er verður á Íslandi sbr. þó ákvæði 29. gr. þessa skilmála.

15. gr. Váttryggingartími

Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar vegna atvika sem verða á gildistíma tryggingarinnar. Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks, sem varð, áður en váttryggingartíminn hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

16. gr. Váttryggingarfjárhæð

- 16.1 Ábyrgð félagsins vegna einstaks váttryggingaratburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð sem greind er í skírteini eða iðgjaldskvittun.
- 16.2 Verði fleiri en eitt tjón af sömu tjónsorsök, teljast þau vera af völdum eins váttryggingaatburðar. Heildarábyrgð félagsins á hverju váttryggingarári takmarkast við einnig við fyrrgreinda váttryggingarfjárhæð.
- 16.3 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu váttryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni sbr. þó 31. gr. þessa skilmála. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.
- 16.4 Í hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki eigin áhættu, greiðir félagið heldur ekki kostnað, þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

17. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

- 17.1 Váttryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 17.2 Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna

félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

17.3 **Varúðarregla: Váttryggðum er skylt að gæta þess, að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir, sem hafa lögskilin réttindi og hæfni til að stjórna slíkum tækjum.**

17.4 **Varúðarregla: Váttryggðir skulu vera í líkamlegu ástandi til þess að geta rækt störf sín örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja**

17.4 **Varúðarregla: Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða sögun í húsum eða utanhúss, skulu váttryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.**

18. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

18.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætanager. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

18.2 Váttryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að tjónþoli fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum.

19. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

19.1 Jafnskjótt og váttryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

19.2 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

19.3 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenni réttmæti kröfunnar.

20. gr. Útreikningur iðgjalds – endurgreiðsla iðgjalds

20.1 Þegar iðgjaldið reiknast af breytilegum stærðum (svo sem veltu, vinnulaunum, fjölda starfsmanna, véla eða tækja) skal áætla iðgjald í upphafi váttryggingartímabils, en endanlegt iðgjald greiðist við lok þess. Innan eins mánaðar frá lokum váttryggingartímabilsins er váttryggðum skylt að láta félaginu í té allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar iðgjalds. Berist upplýsingar þessar ekki í tæka tíð, má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjarnt. Ef endanlegt iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald sem reiknað var, ber váttryggingartaka að greiða mismuninn innan 14 daga frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið, ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan 14 daga, frá því að útreikningur gat farið fram.

20.2 Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, til þess að slíta váttryggingarsamningunum á váttryggingartímabilinu, endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins váttryggða greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

21. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp váttryggingarsamningi vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

21.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni sem og öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.

21.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.

21.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun váttryggðs hlutar, starfsemi váttryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingartímabilsins.

21.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:

21.3.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;

21.3.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;

21.3.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;

21.3.4 ef alvarlegur trúnaðarbrestur hefur orðið milli váttryggðs og félagsins.

22. gr. Samsömun

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn váttryggingartaka hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

23. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti, en því sem kveðið er á um í þessum skilmála, gilda um váttryggingarsamning þennan lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Verði ágreiningur um váttrygginguna, skal íslenskur dómstóll skera úr honum eftir íslenskum lögum.

24. gr. Heimili – Varnarþing – Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Mál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

2. kafli. Sérstakir skilmálar fyrir váttryggingu vegna skaðsemisábyrgðar

Framangreindir skilmálar gilda með eftirfarandi breytingum um áhættu vegna hættulegra eiginleika söluvöru (skaðsemisábyrgð). Skilyrði þess, að váttryggingin taki til tjóns erlendis, sbr. 29. gr., er að sérstakt iðgjald hafi verið greitt fyrir þá áhættu.

25. gr. Skaðsemisábyrgð

Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á váttryggðan vegna slyss á mönnum eða skemmda á munum af völdum hættulegra eiginleika vöru, sem váttryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi, enda hafi slysið eða skemmdirnar orðið, eftir að váttryggður afhenti söluvöruna. Það er skilyrði fyrir greiðsluskylda félagsins, að tjóninu hafi verið valdið í starfsemi þeirri, sem nefnd er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og af völdum söluvöru, sem þar er nefnd.

26. gr. Hættulegir eiginleikar

Váttryggingin tekur ennfremur til ábyrgðar vegna skemmda á munum, sem búnir eru til úr söluvöru váttryggðs, skeyttir eru eða blandaðir við hana eða eru á annan sambærilegan hátt tengdir við hana. Bætur greiðast í tilvikum greindum í 1. ml., hvort sem orðið hefur tjón skv. 25. gr. eða fjártjón skv. 2. tl. 27. gr. Að öðru leyti er greiðsluskylda félagsins háð skilyrðum 25. gr. Greiðsluskylda félagsins takmarkast við bótaábyrgð, sem beinlínis verður rakin til þess að fleygja verður eða gera við hlut, sem búinn er til úr söluvöru váttryggðs eða tengdur henni, sbr. 1. ml., eða að hluturinn verður dýrari í framleiðslu eða lækkar í verði. Bætur eru aðeins greiddar fyrir verðyrnun hlutarins, aukakostnað við framleiðslu eða gerð hans eða beinan kostnað við viðgerð á honum. Eigi eru greiddar bætur fyrir annað tjón, útgjöld eða kostnað, t.d. vegna þess að senda þarf viðgerðarmenn eða aðra starfsmenn á vettvang, taka þarf hluti aftur, rannsaka eða flytja hluti, sem búnir eru til úr söluvöru váttryggðs, eða vara menn við hættu á slíkum hlutum. Ef skemmdir eða tjón hefur hlotist af söluvöru váttryggðs vegna muna, sem getið er í 1. ml., ber að draga frá váttryggingarbótum andvirði söluvöru váttryggðs, eins og það var miðað við ógallaða vöru.

27. gr. Undantekningar vegna ábyrgðar á hættulegum eiginleikum

Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna:

- 27.1 skemmda á söluvörunni sjálfri;
- 27.2 fjártjóns, er ekki verður rakið til slyss eða eignaskemmda, sbr. þó 2. ml. 26. gr.;
- 27.3 tjóns, útgjalda eða kostnaðar við að váttryggður tekur söluvöru aftur, býr til eða afgreiðir nýja vöru, gerir við, eyðileggur eða flytur á brott vöru eða gerir aðrar þess háttar ráðstafanir vegna galla á hinu selda;
- 27.4 rekstrartaps, afnotamissis eða annars óbeins tjóns;
- 27.5 tjóns af völdum söluvöru, sem notuð er við rekstur loftfars og á annaðhvort þátt í flugslysi eða veldur hættu á því;
- 27.6. sérstakra refsikennndra bóta ("punitive damages").

28. gr. Stórfellt gáleysi o.fl.

Váttryggingin tekur ekki til skaðsemisábyrgðar, sbr. 25. og 26. gr., ef:

- 28.1 váttryggingartaki eða sá, sem á fyrir hans hönd að stjórna atvinnurekstrinum, vissi, að söluvara var gölluð, eða olli gallanum af ásettu ráði;
- 28.2 tjón hlýst af því að gefnar eru viljandi rangar upplýsingar um, hvernig nota á eða má söluvöru, og skiptir hér ekki máli, hvernig upplýsingarnar eru gefnar.

29. gr. Tjón erlendis

Auk tjóns á Íslandi, sbr. 14. gr. skilmálanna, tekur váttryggingin til tjóns vegna hættulegra eiginleika söluvöru, er verður í þeim ríkjum, sem nefnd eru í váttryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittun. Skilyrði þess, að váttryggingin taki til tjóns erlendis, er, að sérstakt iðgjald hafi verið greitt fyrir þá áhættu. Bætur fyrir tjón, sem getur í 25. eða 26. gr., og hlýst utan nefndra ríkja, greiðast þó, ef tjónið verður rakið til söluvöru, sem flutt er út úr þessum ríkjum (óbreytt, endurunnið eða sem hluti af annarri vöru) annað hvort til einkanota eða í atvinnuskyni, án þess að váttryggðum hafi verið eða átt að vera kunnugt um að varan yrði flutt út úr þessum ríkjum.

30. gr. Váttryggingartími

Í stað 15. gr. skilmálanna gildir eftirfarandi regla um tjón, sem um getur í 25. og 26. gr.:

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu, sem gerð er á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, án tillits til þess, hvenær atvik þau urðu, er krafan reis af. Váttryggingin nær ekki til tjóns, sem kemur í ljós áður en váttryggingartíminn hefst.

Skaðabótakrafa telst gerð, þegar hið fyrsta af eftirfarandi atvikum ber að höndum:

- a) þegar váttryggðum berst fyrsta skriflega krafa um bætur vegna tjónsatviks;
- b) þegar váttryggðum eða þeim, sem stjórnar atvinnurekstrinum fyrir hans hönd, verður fyrst kunnugt, að tjónsatvik hefur orðið eða bein hætta er á, að tjón verði, sem vera kann að rakið verði til hegðunar váttryggðs eða söluvöru hans. Félagið bætir ekki tjón vegna skaðabótakröfu, sem gerð er á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, ef váttryggður tilkynnir félaginu ekki um kröfuna innan 3 mánaða frá lokum váttryggingarinnar. Hafi skaðabótakrafa verið gerð á hendur váttryggðum samkvæmt b) lið 3. mgr. á váttryggingartímanum og fullnægt er skilyrði 4. mgr. um 3 mánaða tilkynningarfræst, greiðir félagið bótakröfuna þá og því aðeins, að váttryggðum berist skrifleg krafa eftir a) lið 3. mgr. og hann tilkynnir félaginu um kröfuna innan 2 ára frá lokum váttryggingarinnar.

31. gr. Váttryggingarfjárhæð vegna skaðsemisábyrgðar

Verði tjón utan Norðurlandanna, takmarkast heildar greiðsluskylda félagsins við váttryggingarfjárhæðina. Kostnaður við ráðstafanir til að afstýra tjóni, sbr. 18. gr., greiðist allt að þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er getið í skírteini eða iðgjaldskvittun

32. gr. Hámarksfjárhæð, þegar fleiri en eitt tjón eru af sömu rót runnin

Greiðsluskylda félagsins vegna skaðabótakrafna, sem gerðar eru á hendur váttryggðum, sbr. 31. gr., og raktar verða til sömu orsakar, takmarkast við váttryggingarfjárhæðina skv. 16. gr. Ábyrgð félagsins vegna allra krafanna takmarkast við váttryggingarfjárhæðina á því váttryggingarári, sem skaðabótakrafa var gerð vegna fyrsta skaðans, enda þótt kröfurnar komi fram á fleiri árum, en draga skal frá váttryggingarþætur sem kunna að hafa verið greiddar vegna annarra tjónsatvika á því ári.

33. gr. Kostnaður við að afgreiða nýjar vörur o.fl.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. skilmálanna, greiðir félagið aldrei kostnað, útgjöld eða tjón, sem greinir í 3. tl. 27. gr., enda þótt til þess sé stofnað í því skyni að afstýra tjóni. Sama á við um kostnað, útgjöld eða tjón vegna könnunar á því, hvort söluvara sé gölluð eða hættu á, að váttryggingaratburðurinn gerist, eða tjóns, sem stafar af því, að eigi er unnt að nota gallaða söluvöru.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2016

Sérskilmálar

Eftirfarandi sérskilmálar gilda ef þeirra er getið á skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 1. Sérskilmáli um eignarhluta í húsi.

Váttryggingin tekur til skaðabótaskyldu vegna tjóns sem verður vegna húseignar þeirrar eða eignarhluta er váttryggingarsamningur greinir. Váttryggingin tekur aðeins til tjóns sem verður vegna húseignarinnar eða (eignar)hluta váttryggðs eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum eða notendum hússins og þá í réttu hlutfalli við (eignar)hluta hans.

Þegar váttryggingartaki er húsfélag sem keypt hefur váttryggingu vegna heils fjölbýlishúss tekur váttryggingin einnig til ábyrgðar eigenda einstakra eignarhluta gagnvart hverjum öðrum en með öllum öðrum takmörkunum sem getur í váttryggingarsamningi.

Nr. 2. Sérskilmáli um vinnu við viðhald húsa.

Ef kostnaður við verklegar framkvæmdir vegna viðhalds húss fer fram úr 5% af brunabótamatsverði þess skal greiða viðbótariðgjald.

Sé aðeins um að ræða váttryggingu á eignarhluta í húsi skal miða við matsverð eignarhlutans.

Jafnan skal greiða viðbótariðgjald þegar vinnupallar eru notaðir við viðhaldsvinnu.

Nr. 3. Sérskilmáli fyrir jarðýtur, vélskóflur, skurðgröfur og aðrar þess háttar vinnuvélar.

Félagið greiðir ekki bótakröfu sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja nær til. Váttryggingin tekur ekki til bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af þunga vinnuvélarinnar t.d. á brúm, vegum eða lögnum í jörðu.

Hins vegar tekur váttryggingin til bótakröfu vegna tjóns sem verður við gröft eða aðra venjulega notkun vinnuvélarinnar. Ef tjón verður á munum við slíka notkun gilda ekki almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu váttryggðs heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Váttryggðum, verkstjórum og stjórnendum vinnuvéla er skylt að gæta varúðarreglna, sbr. 17. gr. í almennu váttryggingarskilmálunum.

Það er skilyrði fyrir bótum á skemmdum á jarðstrengjum, vatnslögnum og þvíumlíku að viðkomandi starfsmaður hafi áður kynnt sér hættu á tjónum á slíkum hlutum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Nr. 4. Sérskilmáli fyrir verktakastarfsemi og byggingarvinnu.

Ef tjón verður á munum við gröft í jörðu, borvinnu eða múrsögun í húsum eða utanhúss gilda ekki almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu váttryggðs heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 5. Sérskilmáli fyrir sprengiáhættu.

Váttrygging þessi nær til skemmda á munum af völdum sprenginga. Þó eru undanskildar skemmdir á húsum eða öðrum mannvirkjum sem eru innan 5 metra frá sprengingarstað.

Sprengingar skulu framkvæmdar undir stjórn manns sem til þess hefur lögsmæt réttindi. Jafnframt skal félaginu gefinn kostur á að kynna sér aðstæður á sprengingarstað áður en sprengt er. Brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Nr. 6. Sérskilmáli fyrir bifreiðaverkstæði.

Félagið greiðir bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggingartaki hefur til viðgerðar, hreinsunar, áfyllingar, þvotta, smurnings, geymslu, flutnings (sækja eða senda) og reynsluaksturs sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km (kílómetri) fjarlægðar frá verkstæðinu.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin. Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur váttryggingin ekki til kostnaðar við það. Þetta á einnig við um viðgerða hluti sem afhentir hafa verið eiganda eða umboðsmanni hans.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Sérskilmáli þessi á einnig við um bótakröfur vegna skemmda á einstökum vélum sem váttryggingartaki hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess.

Nr. 7. Sérskilmáli fyrir bifreiðaþvottastöðvar og bónstöðvar.

Félagið greiðir bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggingartaki hefur til viðgerðaráfyllingar, þvotta, smurnings eða flutnings (sækja eða senda) sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km fjarlægðar frá stöðinni.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og skemmdir á bifreiðum af völdum þvottavélar.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 8. Sérskilmáli fyrir smurstöðvar.

Félagið greiðir bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggingartaki hefur til áfyllingar, þvotta, smurnings eða flutnings (sækja eða senda) sem fer fram með samþykki verkstjóra innan 10 km fjarlægðar frá smurstöðinni.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 9. Sérskilmáli fyrir skipaviðgerðir.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., 1. kafla í skilmála þessum váttryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á skipum eða bátum, sem váttryggingartaki vinnur við viðgerðir eða breytingar á, svo og til skemmda af völdum þeirra.

Tjón af þjófnaði bætist ekki.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur váttryggingin ekki til kostnaðar við það.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Sérskilmáli þessi á einnig við um bótakröfur vegna skemmda á einstökum vélum sem váttryggingartaki hefur til viðgerðar á verkstæði sínu eða í tengslum við rekstur þess.

Nr. 10. Sérskilmáli fyrir fatageymslur.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., 1. kafla í skilmála þessum greiðir félagið tjón sem verður vegna þess að fatnaður skemmist eða glatast í fatageymslu. Stöðug varsla skal vera í fatageymslunni og afhent númer fyrir öllu sem vörður veitir viðtöku, en brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 11. Sérskilmáli fyrir fiskeldisstöðvar.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá fiskum, seiðum, hrognum eða svilum sem váttryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan stöðvarinnar.

Nr. 12. Sérskilmáli fyrir loðdýra- og svínabú.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá dýrum sem váttryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan búsin.

Nr. 13. Sérskilmáli fyrir alifuglabú.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns af völdum sýkingar frá fuglum eða eggjum sem váttryggingartaki selur eða afhendir lifandi til áframhaldandi eldis utan búsin.

Nr. 14. Sérskilmáli fyrir íþróttasvæði, sundstaði, heilsuræktarstöðvar, gufubaðstofur og þess háttar.

Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna kappleikja eða móta sem falla niður.

Váttryggingin tekur ekki til fatnaðar eða annarra verðmæta sem afhent eru til geymslu eða geymd eru í fatageymslu, baðklefa, skápum eða þess háttar.

Nr. 15. Sérskilmáli fyrir dýralækna.

Félagið greiðir bótakröfur vegna tjóns er verður á dýrum þeim sem váttryggingartaki hefur stundað sem dýralæknir enda valdi tjónið dauða dýranna. Váttryggingin bætir þó ekki:

a. tjón sem verður í fiskeldisstöðvum og loðdýrabúum,

b. tjón sem verður af völdum smits,

c. tjón vegna starfs fyrir annan dýralækni, dýraspítala og þess háttar þegar ábyrgð hvílir á slíkum aðilum samkvæmt reglum skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð.

Nr. 16. Sérskilmáli fyrir heilbrigðisstofnanir, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

Váttryggingin tekur ekki til fatnaðar eða annarra verðmæta sem afhent eru til geymslu eða geymd eru í fatageymslu, baðklefa, skápum eða þess háttar.

Nr. 17. Sérskilmáli fyrir lækna.

Váttrygging þessi tekur ekki til skaðabótakröfu vegna líkamstjóns sem rekja má til læknisverka váttryggðs eða starfsmanna hans.

Nr. 18. Sérskilmáli fyrir bensínstöðvar.

Félagið greiðir bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggingartaki hefur til áfyllingar eldsneytis.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 19. Sérskilmáli fyrir hjólarðaverkstæði.

Félagið greiðir bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggingartaki veitir þjónustu. Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin. Almenn ákvæði um lágmark og hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 20. Sérskilmáli fyrir vegristir.

Félagið bætir einungis tjón sem beinlínis verður rakið til vegristar en ekki tjón á girtu landi er hlýst af því að búfé tekst að komast yfir eða framhjá ristinni.

Leggja skal sérstakan veg fyrir umferð hesta og þess háttar til þess að aka framhjá vegristinni og setja skal upp aðvörðunarkerki er vísa á aukavegin, en brot gegn þessum varúðarreglum getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Nr. 21. Sérskilmáli fyrir raftækjaverkstæði og rafvirkja.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., 1. kafla í skilmála þessum váttryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á tækjum sem váttryggingartaki hefur til viðgerðar, uppsetningar, hreinsunar eða geymslu.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og ábyrgð vegna viðgerða á skipum eða tækjum úr skipum.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur váttryggingin ekki til kostnaðar við það.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 22. Sérskilmáli fyrir vélaverkstæði.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., 1. kafla í skilmála þessum váttryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á tækjum sem váttryggingartaki hefur til viðgerðar, hreinsunar eða geymslu.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin svo og ábyrgð vegna viðgerða á skipum eða tækjum úr skipum.

Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu tekur váttryggingin ekki til kostnaðar við það.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 23. Sérskilmáli fyrir skoðunarstöðvar bifreiða.

Félagið greiðir bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggingartaki hefur til skoðunar svo og reynsluaksturs er fram fer með samþykki verkstjóra innan 1 km fjarlægðar frá skoðunarstöð.

Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin.

Almenn ákvæði um lágmark eða hámark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 24. Sérskilmáli fyrir sæpotur.

Ábyrgð félagsins er háð því að sæpotur séu ekki á siglingaleiðum. Váttryggingin gildir ekki fyrir leigutaka yngri en 16 ára.

Nr. 25. Sérskilmáli fyrir fatahreinsanir.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., 1. kafla í skilmála þessum greiðir félagið tjón sem verður þegar fatnaður glatast eða skemmist við hreinsun eða geymslu á honum. Þó ekki ef tjónið má rekja til þess að rangur fatnaður er settur saman í vél. Skilyrði er að viðskiptavinurinn hafi undir höndum merktan og númeraðan miða frá efnaauginni sem hann fékk afhentan er hann kom með fötin í hreinsun. Almenn ákvæði um lágmark eigin áhættu váttryggðs gilda ekki, heldur sérákvæði í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 26. Sérskilmáli fyrir alferðir.

1. Váttryggingarsvið.

1.1 Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á váttryggðan samkvæmt lögum nr. 80/1994 um alferðir, vegna slyss á mönnum eða skemmda á munum af völdum ófullnægjandi alferðar sem váttryggður hefur skipulagt og/eða selt.

1.2 Váttryggingin er viðauki við ábyrgðartryggingu vegna atvinnureksturs váttryggðs og nær eingöngu til tilvika sem falla utan gildissviðs þeirrar váttryggingar.

2. Váttryggingarskilmálar.

2.1 Auk sérskilmála þessara gilda um váttrygginguna almennir skilmálar fyrir ábyrgðartryggingu gegn skaðabótaábyrgð í atvinnurekstri (1.-24. gr.) eftir því sem við getur átt.

3. Váttryggingarfjárhæðir.

3.1 Þrátt fyrir þær váttryggingarfjárhæðir, sem tilgreindar eru í gr. 16.1, takmarkast ábyrgð félagsins gagnvart hverjum einstökum tjónþola annars vegar vegna líkamstjóns og hins vegar munatjóns við fjárhæðir sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

3.2 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæðina, sbr. gr. 16.1, en þó greiðast aldrei hærri bætur vegna munatjóna en sem nemur þeirri fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Hrökkvi váttryggingarfjárhæð ekki til að bæta bótaskyld tjón, eftir að tekið hefur verið tillit til takmörkunar skv. gr. 3.1 í skildaga, greiðast hlutfallslegar bætur til einstakra tjónþola.

3.3 Á sviðum þar sem váttryggðum er heimilt samkvæmt alþjóðasamningum að takmarka skaðabætur greiðir félagið aldrei hærri bætur en hin heimilaða takmörkun segir til um.

4. Eigin áhætta váttryggðs.

4.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjáfur í eigin áhættu tiltekna fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

5. Sérstakar takmarkanir.

5.1 Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna:

- fjártjóns sem ekki verður rakið til slyss eða skemmda á eignum (almenns fjártjóns),
- ábyrgðar vegna skemmda á farangri farkaupa meðan hann er í vörslu flutningsaðila,
- sérstakra refsikenndra bóta (punitive damages).

6. Landfræðileg mörk.

6.1 Í stað 14. gr. í almennum skilmálum ábyrgðartryggingarinnar gildir í sérskilmála þessum sú regla að váttryggingin taki til tjóns sem verður hvar sem er í heiminum þar sem farkaupi ferðast í samræmi við samning um alferð.

7. Váttryggingartími.

7.1 Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu vegna tjóns sem verður í alferð sem hefst á váttryggingartímanum. Váttryggingin tekur til tjóns sem verður í alferð þar til ár er liðið frá upphafi ferðarinnar.

7.2 Tjón sem tilkynnt eru þegar meira en tvö ár eru liðin frá lokum alferðar eru ekki bætt.

8. Aðrar váttryggingar.

8.1 Félagið greiðir ekki:

- a) skaðabótakröfu sem fellur undir lögboðnar ábyrgðartryggingar váttryggðs eða þriðja manns,
- b) bótakröfu sem önnur váttrygging eða opinber trygging tekur til.

9. Endurkrafa.

9.1 Félagið öðlast rétt váttryggðs á hendur þriðja aðila að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur.